

Haraldur Birgir haraldsson,
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Suðurlandsvegi 1-3
850 Hella



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 8. maí 2013
Tilvísun: UST20130300086/ksj

Tillaga að deiliskipulagi á lóð Veiðifélags Rangárpings ytra.

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárpings ytra er barst 14. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi á spildu í eigu Veiðifélags Ytri Rangár.

Staðsetning

Svæði Veiðifélags Ytri Rangár er á vesturbakka árinna, utan þéttbýlis suðvestur af Helli, og er aðkoma um Þykkvabæjarveg. Áætlað er að byggja tvö 450 fermetra hús á byggingarreit lóðarinnar. Fram kemur að áætlaður byggingarreitur er nær árbakka en 50 m eða í rúmlega 32 m fjarlægð. Í skipulagsreglugerð nr. 09/2013 kemur fram í gr. 5.3.2.14 að á svæðum utan þéttbýlis skuli ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Ljóst er að lóðarmörk setja framkvæmdum einhverjar skorður en að mati Umhverfisstofnunar ætti að vera hægt að koma áætluðum framkvæmdum fyrir á svæðinu án þess að grípa þurfi til undanþágu og leyfa byggingar nær árbakka en 50 m. Í skipulagsreglugerð kemur fram áhersla á rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó þegar lóðir eru afmarkaðar. Einnig er í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 í kafla um almannarétt, umgengni og útivist lögð áhersla á að ekki sé hindruð umferð gangandi manna um vatns-, ár- eða sjávarbakka.

Fráveita

Staðsetning rotþróar er ekki sýnd á uppdrætti. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi staðsetning rotþróar og að fram komi í skilmálum hvernig frágangi frárennslis skuli háttáð m.a. vegna nálægðar við Rangá Ytri.


Landslagsvernd


Í skilmálum skipulagstillögunnar kemur fram að mænir skuli vera mest í 5 m á hæð og á uppdrætti kemur mænisstefna fram. Að öðru leyti er form, gerð og efnisval frjálst meðan byggingar upfylli byggingarreglugerð. Umhverfisstofnun bendir á að í kaflanum um landslagsvernd í lögum um náttúruvernd nr. 44/1999 kemur fram í gr. 35 um hönnun mannvirkja: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.“

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar eru byggingarreitir fyrir tvær byggingar í ofangreindri deiliskipulagstillögu áætlaður of nærri Rangá Ytri. Einnig telur Umhverfisstofnun að nánari upplýsingar um gerð og frágang fráveitu skorti í skilmála tillögunnar. Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að við hönnun áætlaðra húsa á svæði Veiðifélags Rangár Ytri verði þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

